

1035. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 7. október 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1134. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1134. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál

Ólafía Björk sagði frá því að fjölmennt hafi verið á samstöðufundi hjá álveri ÍSAL/Rio Tinto í hádeginu í dag sem er alþjóðlegur baráttudagur gegn fyrirtækinu. Sagði hún frá því að komið væri tilboð til starfsmanna þar sem komin væri sátt um launahlutann en samkvæmt því sé samningi framlengt til ársins 2019. Ákveðin lausn hefur svo verið boðuð á verktakahluta vandans en í raun er allt enn járn í járn í stöðunni. Í raun sé erfitt að sjá að forstjórinn hafi nokkurt samningsumboð.

Næst fór Ólafía Björk yfir launavísitölur frá Hagstofu og fjármálaráðuneyti 2013 – 2014 og framreikning með niðurstöðum gerðra kjarasamninga og gerðardóms BHM og Fih á glæru sem bar titilinn „Stöðugleikinn brotinn niður með kjarasamningum“. Þá sagði hún frá því að mikið hafi verið fundað undanfarið og þá m.a. með SALEK hópnum. Til umræðu var hvernig hægt væri að lágmarka skaðann. En nú er slitnað uppúr þeirri vinnu í bili.

Það næsta í stöðunni er að við búum okkur undir að gera nýjan kjarasamning þar sem ljóst er að við segjum upp samningum í febrúar.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 19:10
Árni Leósson, fundarritari